

Ed.

527. Nefndarálit

[169. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Mun einn nefndarmanna (KK) skila séráliti.

Undirritaðir nefndarmenn telja eðlilegt, að bankaráð Búnaðarbankans sé skipað á sama hátt og bankaráð annarra hliðstæðra ríkisbanka og allt bankaráðið kjörið af Alþingi. Þá þykir rétt að takmarka heimildina um fjölgun bankastjóra við tvo. Björn Jónsson óskar að taka fram, að hann sé andvígur fjölgun bankastjóra, og skrifar undir nefndarálitið með þeim fyrirvara. Aðrir, sem að nefndarálitinu standa, telja eðlilegt að heimila fjölgun bankastjóra vegna hins fjölþætta hlutverks, sem bankinn hefur að gegna.

Þar eð laun bankastjóra eru miðuð við laun bankastjóra við Landsbankann, virðist eðlilegt, að sama viðmiðun sé höfð við ákvörðun eftirlauna.

Með vísun til framanritaðs leggjum við til, að frv. verði samþykkt með svo-felldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

53. gr. laganna orðist svo:

Fimm manna bankaráð fer með stjórn bankans.

Sameinað Alþingi kýs bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Á sama hátt skal kjósa fimm varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanns. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna eða varamanna, til fjögurra ára í senn.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann setur bankaráði og bankastjóra erindisbréf og ákveður laun bankaráðsmanna.

Bankaráð skipar einn bankastjóra, aðalbókara og aðalféhirði. Heimilt er bankaráði að fjölga bankastjórum í tvo, að fengnu samþykki ráðherra.

Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands. Sama gildir um eftirlaun handa fráförnum bankastjóra eða ekkju hans.

Alþingi, 25. maí 1960.

Ólafur Björnsson,
form.

Magnús Jónsson,
frsm.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr.

Björn Jónsson.